

# Ungmennafélag Íslands

## Erindisbréf fyrir Laganefnd

### Skipan og umboð

Nefndin er skipuð af framkvæmdastjórn UMFÍ að afloknu sambandsþingi og fer með mál í umboði framkvæmdastjórnar og samkvæmt samþykktum lögum UMFÍ. Framkvæmdastjórn skipar nefndina og tilnefnir formann. Nefndin er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ, formaður.

Valdimar Leó Friðriksson, UMSK.

Pórir Haraldsson, HSK.

Guðbirna Þórðardóttir, starfsmaður nefndar.

### Hlutverk og markmið

Hlutverk nefndar er að:

- Fara yfir innsend erindi sem berast
- Önnur mál sem framkvæmdastjórn UMFÍ felur nefndinni.
- Starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni.
- Fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar.

Stjórn UMFÍ óskar eftir eftirfarandi vörðum:

- Febrúar 2020 liggja fyrir tillögur um ferðakostnað
- Apríl 2020 liggja fyrir álit varðandi siðareglur UMFÍ.
- Apríl 2020 liggja fyrir tillögur varðandi starfsreglur stjórnar

Markmiðum sínum nær nefndin m.a með því að afgreiða mál til ákvörðunar stjórnar og stuðla að samstarfi við sambandsaðila og önnur félagasamtök.

### Hæfi og skyldur nefndarmanna

Nefndin skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni UMFÍ að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt hagsmuni heildarinnar ofar sérhagsmunum, hvort sem heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra. Fulltrúar sem gætu átt hagsmuna að gæta skulu upplýsa um það áður en mál er tekið til umfjöllunar. Fundarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi nefndarinnar við umræðu og afgreiðslu þess. Með vanhæfni vísast til sveitarstjórnarlaga. Að öðru leyti vísast til siðareglna UMFÍ.

Nefndin hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi UMFÍ sem heyrir undir nefndina. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki UMFÍ. Sé þörf á vinnu starfsmanna UMFÍ vegna verkefna á vegum nefndarinnar skal ósk um slíka vinnu berast framkvæmdastjóra UMFÍ frá formanni nefndar eða starfsmanni hennar.

## Fundur og starfshættir

Framkvæmdastjóri tilnefnir starfsmann nefndarinnar. Starfsmaðurinn undirbýr fundi nefndarinnar í samráði við formann, situr fundi hennar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður ritar fundargerðir nefndarinnar og ber ábyrgð á því að leggja fundargerð ásamt tillögum nefndarinnar fyrir næsta skipulagða fund stjórnar.

Formaður nefndarinnar boðar fundi í samráði við starfsmann nefndarinnar. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það til formanns og starfsmanns nefndarinnar. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndar meðlimir verið boðaðir með að minnsta kosti þriggja sólarhringa fyrirvara. Fundi nefnda skal almennt halda með fjarfundabúnaði en sé nauðsynlegt að halda sameiginlegan fund á einum stað þá skal leita fyrirfram heimildar framkvæmdastjóra fyrir útgjöldum í samræmi við fjárhagsáætlun og fer þá kostnaður eftir ferðareglum UMFÍ. Rekstur nefndarinnar tekur mið af fjárhagsáætlunum UMFÍ hverju sinni. Nefnd er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í nafni UMFÍ.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum. Formaður og starfsmaður nefndar skulu leitast við að tryggja að í þeim málum sem til umfjöllunar koma í nefndinni sé andstæðum sjónarmiðum gert jafn hátt undir höfði og lýðræðisleg vinnubrögð jafnan viðhöfð. Nefndin getur boðað á sinn fund aðila til viðræðna um tiltekin mál. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um mál, sé þess óskað. Þagnarskylda þessi helst þó látið sé af þessum störfum.

## Gildistaka

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í stjórn og tekur gildi 15. nóvember 2019. Starfstímabil nefndarinnar lýkur á sambandsþingi UMFÍ haustið 2021.